



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðis laga, þskj. 53, 53. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður tillöguna heils hugar og hvetur til samþykkis hennar. Svo sem rakið er í greinargerð með tillögunni þá er grunnhugsun samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sú að óleyfilegt sé að mismuna fötlugu fólki á grundvelli fötlunar þess, þ.e. að fötlun megi aldrei vera ástæða mismununar. Í ákvæðum samningsins er rakið á framsækinn og nákvæman hátt hvernig aðildarríkjum beri að tryggja í lögum og framkvæmd að mannréttindi fatlaðs fólks séu virt í hvívetna.

MRSÍ tekur og undir þau orð í greinargerðinni að eitt mikilvægasta ákvæði SRFF kveður á um jafna réttarstöðu fatlaðra einstaklinga og jafnan rétt þeirra til lögformlegs hæfis og að réttur fatlaðs fólks til stuðnings við ákvarðanatöku sem finna má í samningnum felur í sér grundvallarbreytingu á þeirri nálgun að sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks sem viðgekkst fram að samþykkt samningsins.

Í ljósi þess að Ísland hefur fullgilt SRFF er brýnt að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á innlendra löggjöf svo hún samræmist ákvæðum samningsins. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi sérnefnd þingmanna úr öllum þingflokkum sem sæti eiga á Alþingi og að haft verði samráð við samtök fatlaðs fólks við vinnu að endurskoðuninni. Þó margir þingmenn hafi eflaust góða þekkingu á málefnum fatlaðra þá hvetur MRSÍ til þess að samráð við samtök fatlaðs fólks verði sem virkast og víðtækast því þar er sérfræðingana að finna og þá sem réttindin varða. Þá væntir MRSÍ þess enn fremur að tekið verði tillit til þeirra upplýsinga og sjónarmiða sem fram koma við slíkt samráð.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri